

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaupturnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1984.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

### I. KAFLI

#### Um reglur og velsæmi á almannafæri.

##### 1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við vegi og svæði, sem almenningur fer um og ætluð eru til almenningsafnota. Um samkomuhús og opinberar stofnanir gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

##### 2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri í því skyni að sinna lögmætum erindum, skal ráða sér þannig, að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að viðhalda góðri reglu.

##### 3. gr.

Þeir sem hyggjast efna til útifunda eða fara í hópögungur, skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópögungu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugðum gönguleiðum, og er lögreglustjóra heimilt að breyta þeim á hvaða stigi sem er, ef hann telur brýna nauðsyn til.

##### 4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á né hafa í frammi hávaða eða annars konar háttalag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu. Óheimilt er að þeyta hátalara eða hafa hljómflutningstæki svo hátt stillt, að það valdi ónæði og truflun. Í kirkjugörðum ber að virða grafarhelgi í hvívetna og fara þar hljóðlega um.

##### 5. gr.

Enginn má klæðast né hegða sér þannig á almannafæri, að hann misbjóði almennu velsæmi.

##### 6. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

## 7. gr.

Á götum bæjarins eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki renna sér á sleðum eða skautum eða vera að leikjum, þannig að truflað geti umferð eða valdið hættu. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um göturnar. Bannað er að kasta snjókúlum, grjóti eða öðru, ef það veldur óþægindum eða tjóni.

## 8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

## 9. gr.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum innan marka kaupstaðarins nema á tilteknum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri heimilar, eða með sérstöku samþykki hans hverju sinni. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu.

## 10. gr.

Í kaupstaðnum má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum né bera þar logandi blys eða kyndla nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né þar, sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma þar, sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir.

## 11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa í þágu réttarvörslu. Lögreglu er heimilt að vísa hverjum þeim brott af almannafæri, sem brýtur gegn ákvæðum þessarar samþykktar um reglu og velsæmi. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafid sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er.

## II. KAFLI

**Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.**

## 12. gr.

Enginn má án sérstakrar heimildar hrófla við leiðslum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, orkuveitu, slökkviliðs eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi lögreglu, slökkviliðs, almannavarna, hjálparseita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

## 13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða og farandsala er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra. Þó má án sérstakrar heimildar selja á almannafæri blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár og aðgöngumiða og annað þessu skylt. Ef ágreiningur rís, sker lögreglustjóri úr.

## 14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi umfram það, sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflytninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkar tálmanir á kostnað eigenda. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglu-

stjóra, hvar á vegum bifreiðar og vinnuvélar megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þá. Þá er lögreglustjóra heimilt að láta fjarlægja á kostnað eigenda ökutæki, er standa án skráningarnúmera á götum bæjarins, almennum bifreiðastæðum eða opnum svæðum.

## 15. gr.

Á almannafæri má ekki leggja né setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa.

## 16. gr.

Húseigendur og umráðamenn húsa skulu jafnan leitast við að hreinsa snjóhengjur og grýlukerti af húsum sínum til að fyrirbyggja hættu fyrir vegfarendur. Pakrennum og frárennslum frá þeim skal jafnan haldið þannig við, að ekki stafi af þeim hætta né vatnsrennslu eða önnur óþægindi. Gangstígum fyrir framan hús og að húsum skulu húseigendur og umráðamenn einnig leitast við að halda þrifaegum og fjarlægja svo sem kostur er snjóbreiður, svellbunka eða annað það, er vegfarendum getur stafað hætta eða óþægindi af.

## 17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætta er við því, að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki, og getur lögreglustjóri þá bannað notkun hússins og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur og aðra. Hinu sama gegnir, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

## 18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri nokkru því, sem er til óþrifa eða getur valdið vegfarendum hættu. Umráðamenn og eigendur lóða eða lendna skulu gæta þess, að á þeim safnist eigi fyrir neitt það, sem fokið getur og valdið tjóni eða er til óþrifaðar eða lýta fyrir umhverfið. Eigi má hafa á opnum svæðum óbygðar brunna, safnþrær, skúra eða forir, sem börnum eða öðrum vegfarendum getur stafað hætta af.

## III. KAFLI

## Um umferð

## 19. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Hámarkshraði bifreiða og bifhjóla í kaupstaðnum skal vera 35 km miðað við klukkustund með eftirfarandi undantekningum:

- a) Ökuhraði á Hnífsdalsvegi frá grindahlíði að Túngötu má vera 45 km á klukkustund. Frá grindarhlíði að Leiti í Hnífsdal má ökuhraði vera 70 km á klukkustund og aftur frá Heimabæjarvör.
- b) Ökuhraði á Skutulsfjarðarbraut að Menntaskólanum á Ísafirði má vera 60 km á klukkustund og 45 km á klukkustund þaðan að Hafnarstræti.

## 20. gr.

Þeir sem flytja vörur um götur bæjarins skulu gæta þess að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur eða flutningum ræður, hreinsa það upp þegar í stað.

## 21. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Þá getur lögreglustjóri og takmarkað umferð bifreiða innanbæjar að næturlagi.

## IV. KAFLI

**Um götuspjöld, húsnúmer og auglýsingar.**

## 22. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur skulu festa á hús sín töluspjöld til að tákna húsaröð, og skulu þeir halda þeim við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

## 23. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Aðrar auglýsingar má einungis festa upp með leyfi húsráðenda.

## 24. gr.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar og hluti utan á hús. Lögreglustjóri getur jafnan mælt fyrir um brott nám þess háttar muna, ef það þykir valda hættu eða óþægindum fyrir umferðina.

## 25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar, krota í þær eða skemma á annan hátt.

## V. KAFLI

**Um umgengni og friðun almenningseigna.**

## 26. gr.

Umráðamönnum lóða, lendna og athafnasvæða, bæði einstaklingum og forráðamönnum fyrirtækja og stofnana, er skylt að gæta þess jafnan, að þeim sé haldið hreinum og þrifalegum.

Úr vanrækslu í þessum efnum getur bæjarstjórn látið bæta á kostnað þess, er ábyrgð ber á því svæði, sem um er að ræða.

## 27. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, sem valdið getur óþrifnaði, óheilnæmi eða óþryði á lóðir eða opin svæði né heldur í höfnina eða svo nærri landi, að það berist á fjörur. Innan bæjarins má ekki kveikja í rusli eða sorpi nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

## 28. gr.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri í almenningsgörðum og á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra er veitt getur leyfi á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí.

## 29. gr.

Mannvirki, girðingar og hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þryði, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

## VI. KAFLI

## Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

## 30. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni jafnan heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn.

Veitinga- og greiðasölu má einungis hafa um hönd í húsnaði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar og bæjarstjórn hefur samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

## 31. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á í þessu efni, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er þegar bætt úr ágöllum að gefinni viðvörun.

## 32. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi, og háðar eru sérstöku eftirliti. Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 20.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

## 33. gr.

Öllum veitinga- og gististöðum skal lokað eigi síðar en kl. 23.30, og skal að minnsta kosti vera lokað fram til kl. 06.00 að morgni. Allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu vera á brott innan hálftrar stundar frá því, að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma, sem er.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess, að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til kl. 23.30.

## 34. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn og er óframseljanlegt. Það skal bundi við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnaði, er hann hefur, þegar leyfi er veitt. Leyfi má einungis veita í því húsnaði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

Aðgangur að knattborðum, spilakössum og leiktækjum skal einungis heimill frá kl. 15.00 til kl. 23.30 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og fyrra degi stórhátíða þjóðkirkjunnar. Lögreglustjóri getur veitt undanþágur frá ákvæðum um opnunartíma.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar um aldursmörk varðar sviptingu leyfis. Ef leyfishafi brýtur að öðru leyti gegn þeim eða reksturinn veldur ónæði í nærliggjandi húsum eða þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

## 35. gr.

Föst kvikmyndahús eða leikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Heimilt er að binda leyfið skilyrði um greiðslu leyfisgjalds í bæjarsjóð, og tiltekur bæjarstjórn þá fjárhæð þess.

## 36. gr.

Hver sá, sem heldur skemmtanir eða aðrar samkomur, skal sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu og velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að samkomu, sem ítrekað hafa hagað sér þar ósæmilega.

## VII. KAFLI

**Um samgöngur við skip.**

## 37. gr.

Lögreglustjóri getur bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfninni, ef sérstök ástæða þykir til.

## 38. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf til að halda uppi velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur við erlend skip.

## VIII. KAFLI

**Um hundahald.**

## 39. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

## 40. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 7 daga, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins.

Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan 7 daga frá því, að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnaður, skulu hundarnir aflífaðir.

## 41. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri, bæjarstjóri og dýralæknir taka ákvörðun um það í sameiningu, hvernig með skulu fara, og mega þeir ákveða afturköllun leyfis eða aflífun hunds.

## IX. KAFLI

**Um búfjárhald og fleira.**

## 42. gr.

Búfjárhald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

## 43. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaðurinn ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

## 44. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslum þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan þann kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

## 45. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

## X. KAFLI

**Um gildi samþykktarinnar, refsingar og kostnað.**

## 46. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. Hún gildir til eftirbreytni og um þær aðstæður og starfsemi, sem fyrir er í kaupstaðnum.

## 47. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á þessari samþykkt, skal farið að hætti opinberra mála.

## 48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

## 49. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem af þessu leiðir vegna þeirra ráðstafana, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af viðkomandi eða ef hann er ekki fær um það úr ríkissjóði.

## 50. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 12 24. janúar 1949 og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykkt fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1984.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*